



Rimaskóli

Samantekt um innra mat 2025-2026

Efnisyfirlit

- Kafli 1 Innra mat skólans	3
- Kafli 2 Langtímaáætlun	4
- Kafli 3 Áætlun fyrir skólaárið	10
- Kafli 4 Greinargerð um innra mat	12
- Kafli 4.1 Gæðaviðmið um skólastarf	13
- Kafli 4.2 Gæði kennslu	14
- Kafli 4.3 Námsárangur nemenda	15
- Kafli 4.4 Viðhorf og líðan nemenda	16
- Kafli 4.5 Viðhorf og líðan starfsfólks	17
- Kafli 4.6 Viðhorf foreldra	18
- Kafli 4.7 Menntastefna og stefna skólans	19
- Kafli 5 Umbótaáætlun	20

Kafli 1 Innra mat skólans

Inngangur

Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir innra mati Rimaskóla. Sett er fram matsáætlun sem sýnir viðfangsefni matsins, hvenær þau eru metin ásamt nánari lýsingu á því hvernig matið fer fram. Helstu niðurstöður eru settar fram þar sem lögð er áhersla á að fjalla um þætti sem best komu út og þá þætti sem þarfnast umbóta. Unnið er með umbótaþætti áfram í umbótaáætlun.

Um innra mat skólans

Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum [gæðaviðmiðum um skólastarf](#), menntastefnu [Reykjavíkurborgar](#) og áherslum skólans. Allt starfsfólk tekur þátt í innra mati skólans en fagmennsku/þróunarteymi skólans leiðir matið, heldur utan um skipulagningu og framkvæmd þess, rýnir í niðurstöður og setur fram umbótaáætlun. Í fagmennsku/þróunarteyminu eru stigstjórar, stjórnendur og fulltrúar frá kennurum. Teymið fundar eftir þörfum eða að lágmarki tvisvar sinnum á hverri önn. Stigstjórar funda oft um málefni á stigsfundum með kennurum.

Rimaskóli notar vefkerfið BRAVOLesson til að halda utan um innra matið.

Kafli 2 Langtímaáætlun

Matsáætlun um innra mat

Skólinn vinnur matsáætlun fyrir innra matið þar sem sést hvenær helstu þættir eru metnir og hvernig (sjá áætlun hér fyrir neðan) en nákvæm verkáætlun fyrir skólaárið er unnin í BRAVOLesson.

Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Viðhorf foreldra til Rimaskóla eru almennt jákvæð samkvæmt foreldrakönnun SFS frá febrúar 2026, þar sem tæplega 82% foreldra segjast ánægðir með skólann þegar á heildina er litið. Svarhlutfall í könnuninni var gott, eða um 69,5%.

Styrkleikar

- Öryggi og vellíðan nemenda er einn sterkasti þáttur skólans en um 86,7% foreldra telja barnið sitt öruggt í skólastarfinu og um 84% telja að barninu líði vel.
- Foreldrar eru mjög ánægðir með samskipti við starfsfólk varðandi líðan og hegðun barna sinna, en yfir 87% foreldra telja þau samskipti vera góð.
- Meirihluti foreldra (86,4%) upplifir að barnið sé hvatt til að leggja sig fram í náminu og 81,6% telja að barnið taki stöðugum framförum.
- Skólinn fær góða einkunn fyrir stjórnun, þar sem foreldrar telja skólastjórnendur vera sýnilega í daglegu starfi (78,8%) og að skólanum sé vel stjórnað (76,8%).
- Í opnum svörum er sérstaklega minnst á að Pals lestrarkennslan sé að skila mjög góðum árangri.

Áskoranir

- Ein helsta áskorun skólans er að leita eftir tillögum og hugmyndum frá foreldrum, en einungis um 39,6% foreldra telja að skólinn eða kennarar geri það.
- Þótt samskipti um líðan séu góð, eru færri foreldrar ánægðir með upplýsingar um námsárangur og námsmarkmið (um 67-69%). Í opnum svörum kemur fram að foreldrar sakni þess að fá upplýsingar um gengi barna.
- Áhyggjur koma fram varðandi öryggi í frímínútum. Sumir foreldrar telja að gæslu sé ábótavant og að dæmi séu um að ekki sé gripið nægilega ákveðið þegar upp kemur samskiptavandi.
- Gagnrýni kemur fram að stuðningur við börn með ADHD eða málþroskaröskun sé ekki nægur. Einnig kalla foreldrar barna sem eru komin lengra í námi eftir meiri áskorunum og einstaklingsmiðuðum verkefnum.
- Foreldrar benda á að huga megi að endurbæta húsnæði og lýsingu.
- Athugasemdir eru gerðar við gæði námsgagna (t.d. illa læsileg ljósrit) og að upplýsingar séu stundum sendar á mörgum mismunandi stöðum (tölvupósti og Mentor), sem rugli foreldra.

Í heildina litið er mikill vilji meðal foreldra til að mæla með skólanum (78,3%), en tækifærin liggja í að bæta upplýsingagjöf um nám og auka samráð við foreldra um þróun skólastarfsins.

Skipulag náms

Í vetur hefur fagþróunarteymi Rimaskóla unnið markvisst að innleiðingu á nýju skipulagi náms, kennslu og námsmats (SNKN) í samstarfi við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS). Vinnan hefur miðað að því að nýta stuðningsefni við innleiðingu aðalnámskrár til að dýpka skilning á hæfnimiðuðu skólastarfi og skapa sameiginlega sýn innan skólans.

Lykilþáttur þessarar vinnu hefur verið forgangsriðun og flokkun hæfniviðmiða faggreina. Með því að flokka viðmiðin er lagður grundvöllur að skýrari framvindu í námi nemenda, sem tryggir samfellu og kemur í veg fyrir óþarfa endurtekningar á milli skólaára. Þessi flokkun verður lögð til grundvallar í nýrri skólanámskrá Rimaskóla, þar sem hæfniviðmiðin eru notuð til að setja skýr námsmarkmið sem varða leið nemenda í átt að aukinni þekkingu.

Áætlað er að innleiðingin taki um tvö skólaár:

- Í 1.–10. bekk er áhersla á forgangsriðun hæfniviðmiða, námsmarkmiða og matsviðmiða í íslensku og stærðfræði, en aðrar greinar koma inn eftir það.

Samhliða þessu er unnið að gerð *sniðmáta*, *hugtaorðabókar* og *fyrirmyndarverkefna* sem munu styðja kennara við skipulagningu námslota og lotumats. Markmiðið með þessum breytingum er að efla hæfni nemenda til að verða virkir og sjálfstæðir einstaklingar í lýðræðislegu samfélagi.

Námsárangur nemenda

Niðurstöður námsmats og Matsferils eru nýttar til að bæta nám og kennslu einstaklinga og hópa/bekkja jafnóðum en í innra mati er námsárangur greindur út frá skólanum í heild. Námsmat sem skólinn nýtir í innra mati eru lesfímipróf, sem eru greind og metin út frá útgefnum viðmiðum prófanna og matsferil.

Matsferill var lagður fyrir í fyrsta skipti í árgöngunum 4. - 10. Orðarún var notuð til að meta lesskilning í 3. bekk. Lesskimnum fyrir 1. bekk er lögð fyrir jafnt og þétt yfir árið. Læsi og Lesmál er lagt fyrir 2. bekk.

Viðhorf og líðan

Skólapúlsinn var ekki lagður fyrir í ár því hann er einungis annað hvert ár. Viðhorf nemenda var unnið með í Réttindaráðinu og reynt að koma til móts við hugmyndir nemenda og gera skólann okkar betri fyrir þá. Allar hugmyndir skoðaðar með ráðinu og valið hvað væri

hægt að framkvæma og hvað ekki.

Náms og starfsráðgjafi sem og þroskaþjálfar komu að nemendum og unnu markvisst með viðhorf og líðan.

Á skólaárinu 2025–2026 var markvisst unnið að því að efla líðan, félagsfærni og jákvæð viðhorf nemenda til náms og skólaumhverfis. Niðurstöður byggja á samtölum við nemendur, einstaklingsviðtölum, hópastarfi, tengslakönnunum og daglegu samstarfi við starfsfólk og foreldra.

Almennt má segja að stór hluti nemenda upplifi öryggi og stuðning í skólanum, en jafnframt kemur fram að töluverður hópur glímir við áskoranir tengdar andlegri líðan. Algeng viðfangsefni í ráðgjöf voru:

- kvíði og streita
- félagslegar áskoranir og samskipti
- sjálfstraust og sjálfsmynd

Markviss vinna í einstaklingsviðtölum og hópum (m.a. félagsfærniþjálfun) hefur haft jákvæð áhrif á líðan þeirra nemenda sem fengu slíkan stuðning. Nemendur fengu tækifæri til að ræða líðan sína í öruggu umhverfi og þjálfar hækkaði til að takast á við félagslegar aðstæður.

Tengslakannanir sýna að flestir nemendur upplifa sig sem hluta af hópi, en í sumum bekkjum komu fram vísbendingar um veik félagsleg tengsl eða jaðarsetningu einstakra nemenda.

Unnið var markvisst með niðurstöður:

- til að styrkja bekkjaranda
- bæta samskipti
- fyrirbyggja einelti

Eineltisteymi og forvarnarstarf gegndu þar lykilhlutverki og studdu við jákvætt og öruggt skólaumhverfi.

Nemendur sýna almennt jákvætt viðhorf til náms þegar þeir upplifa:

- skýr markmið og stuðning
- viðeigandi námsaðferðir
- tengingu milli náms og framtíðar

Fræðsla um námstækni og námsval hefur aukið:

- sjálfstæði nemenda í námi
- ábyrgð á eigin námi
- skilning á eigin styrkleikum

Þó hefur komið fram að sumir nemendur þurfa áframhaldandi stuðning við skipulag, einbeitingu og námsvenjur.

Stuðningskerfi skólans, þ.m.t. náms- og starfsráðgjöf, Heillaspor og samstarf við teymi innan skólans, hefur haft jákvæð áhrif á líðan og þátttöku nemenda. Sérstaklega má nefna:

- mikilvægi einstaklingsviðtala
- virkni í hópastarfi
- gott samstarf við foreldra og kennara

Helstu styrkleikar

- Nemendur hafa aðgang að fjölbreyttum stuðningi
- Virkt forvarnartamstarf og eineltisviðbrögð
- Áhersla á tengingu náms við framtíð

Tækifæri til umbóta

- Auka enn frekar snemmtæka greiningu á líðan og félagslegri stöðu
- Styrkja bekkjaranda í hópum þar sem veik tengsl mælast
- Halda áfram að þróa stuðning við nemendur með kvíða og streitu
- Efla þátttöku nemenda í umræðum um eigið nám og líðan

Stofnun ársins

Stofnun ársins starfsmanna könnun var lögð fyrir í vetur og kom hún betur út en síðastliðin ár. Við stefnum á að gera enn þá betur á næsta ári.

Árangur og líðan starfsfólks í Rimaskóla fer almennt vaxandi samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum. Heildarmat í könnuninni „**Stofnun ársins**“ hefur hækkað úr 3,71 árið 2022 í **4,01** árið 2025. Starfsfólk upplifir ánægju í starfi (4,36) og telur starf sitt hafa merkingu og tilgang (4,70). Hins vegar telja **63%** starfsmanna að vinnuálag sé of mikið.

Styrkleikar

- Starfsfólk ber traust til næsta yfirmanns (4,65) og upplifir hvatningu til að þróast í starfi (4,48).
- Góð samskipti við samstarfsfólk eru einn af lykilþáttum skólans (4,54) og starfsfólki finnst það vinna með fjölbreyttum og góðum hópi (4,59).
- Starfsfólk upplifir sjálfstæði í starfi (4,31) og telur sig hafa áhrif á hvernig verkefnum er sinnt (4,50).
- Skólinn skorar hátt þegar kemur að jafnrétti (4,44), sérstaklega hvað varðar fjölbreytileika starfshópsins.

Áskoranir

- Vinnuumhverfi er helsti veikleiki skólans. Ekki er ánægja með loftgæði (1,75), hljóðvist (2,50) og lýsingu (2,89).
- Meirihluti starfsmanna upplifir mikið álag. Þótt dregið hafi úr streitueinkennum eru þau enn til staðar.
- Þörf er á fræðslu varðandi nýtingu gervigreindar (2,67), kennslu nemenda með sérþarfir (2,93) og fjölmennningarlegt umhverfi (2,77).
- Sumir kennarar og leiðbeinendur segjast aldrei fá endurgjöf frá samstarfsmönnum.

Tillögur að úrbótum

- Forgangsraða þarf aðgerðum til að bæta loftræstingu og hljóðvist í skólanum, þar sem þessir þættir hafa veruleg áhrif á daglega líðan. Ljóst er að þessi þáttur er brýnn enda er framundan miklar framkvæmdir á skólahúsnæðinu. Samarið 2026 verður byrjað á að tengja loftræstikerfi í fyrsta áfanga á skólahúsnæði Rimaskóla. Einnig málað og skipt verður um loft, ljós og gólfdukk. Með framkvæmdunum er vonast til að loftgæði, hljóðvist og lýsing batni.
- Skipuleggja námskeið eða vinnustofur sem starfsfólk óskar frekari þekkingar á og þar má nefna gervigreind og vinna með fjölmennningarlega kennsluhætti.
- Gefa kennurum kost á að fara í innlit í kennslustundir innan skólans og miðla þekkingu og reynslu sín á milli.
- Rýna þarf í verkferla til að sjá hvar megi draga úr álagi, þar sem 63% starfsmanna telja það of mikið.

Menntastefna og stefna skólans

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Staða skólans út frá áherslupáttunum er metin með gáttlistum menntastefnu á matsfundum með starfsfólki og/eða fagmennsku/þróunarteymi skólans. Það auðveldar skólanum að halda markvisst utan um innleiðinguna og sjá framþróun menntastefnunnar.

Áherslur skólaárið 2025-2026

Efla starfstengda íslenskufærni fyrir fjöltýngt starfsfólk á skólaárinu

Fimm erlendir skólaliðar sem starfa við Rimaskóla hafa nýtt sér íslenskunámskeið sem haldið var vikulega þetta skólaár.

Sjálfsefning, félagsfærni og lýðræði

- Rannsóknir sýna að börn sem hljóta réttindafræðslu öðlast aukið sjálfstraust og vellíðan þeirra eykst. Með því að þekkja réttindi sín eru þau betur undirbúin að leita aðstoðar ef á þeim er brotið og standa betur vörð um eigin hagsmuni. Þátttaka í réttindaráði er jafnframt öflug valdefling fyrir nemendur, þar sem þeir fá tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og hafa raunveruleg áhrif.
- Réttindafræðsla stuðlar að auknu umburðarlyndi og virðingu fyrir fjölbreytileika. Þegar börn læra að réttindi þeirra takmarkast af réttindum annarra, eflist skilningur þeirra á mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum. Slík fræðsla hefur sýnt sig draga úr einelti og ofbeldi í skólalífinu.
- Réttindaráð skólans er kjarni lýðræðisstarfsins en þar eru börn í meirihluta og leiða innleiðingu verkefnisins. Með því að vinna markvisst að aukinni þátttöku nemenda tryggir skólinn að skoðanir þeirra hafi vægi við ákvarðanatöku, sem er einn af hornsteinum Barnasáttmálans.
- Skólinn framkvæmdi ítarlegt stöðumat haustið 2025 þar sem raddir 248 nemenda í 5.–10. bekk og 71 starfsmanns heyrðust. Þetta gefur skólanum sterkan grunn til að byggja ákvarðanir á raunverulegri upplifun nemenda og starfsfólks.
- Réttindaráðið hefur þegar sýnt frumkvæði með því að setja upp hugmyndakassa og kynna starf sitt í öllum bekkjum. Ráðið hefur einnig nýtt niðurstöður stöðumatsins til að forgangsraða aðgerðum í aðgerðaáætlun.
- Aðgerðaáætlunin 2026 inniheldur skýrar úrbætur sem byggja beint á ábendingum nemenda. Sem dæmi má nefna úrbætur á salernisaðstöðu (lokaðir básar og betri lýsing) til að auka öryggi, og breytingar í mótuneyti þar sem nemendur skammta sér nú sjálfir.
- Gott samstarf er á milli Rimaskóla, frístundaheimilisins Tígrissbæjar og félagsmiðstöðvarinnar Sigynjar, þótt minnst hafi verið á að samræma þurfi fundartíma betur í upphafi.

Stöðumatið sýndi að aðeins um helmingur nemenda og starfsfólks taldi sig hafa fengið fræðslu um Barnasáttmálann. Því er mikilvægt að halda áfram markvissri réttindafræðslu fyrir alla hópa og auka sýnileika sáttmálans í skólaumhverfinu, eins og áætlað er í aðgerðaáætlun.

Á heildina litið sýnir sjálfsmatið að Rimaskóli hefur breytt ábendingum nemenda í markvissar aðgerðir, sem eykur trú barnanna á að rödd þeirra skipti máli og eflir lýðræðislega menningu skólans.

Heilbrigði og vellíðan

Rimaskóli tekur þátt í verkefninu "Heilsueflandi skóli". Heilsueflandi teymi ásamt kennurum unglingadeildar innleiddi Rimaskólaleikana, íþróttakeppni þar sem nemendur skipulögðu kappleiki og íþróttakeppni í frímínútum. Fylgt var eftir göngum í skólann með keppni um gullskóinn til að auka þátttöku og hreyfingu á skólatíma. Einnig tóku nemendur þátt í landsátaki ÍSÍ Syndum.

Á skólaárinu 2025-2026 var haldið áfram með göngum í skólann og endað á Ólimpíuhlaupi ÍSÍ, tekið þátt í átakinu syndum og hjólum í skólan. Settar upp sérastakar hjólavíkur í byrjun og lok skólaárs til að auka við þátttöku og hreyfingu utan skóla og á skólatíma. Boðið upp á hafragraut í fyrri frímínútum fyrir unglingadeild endurgjaldslaust. Einnig tóku nemendur þátt í lífshlaupinu og skrðu hreyfingu innan og utan skóla en skólinn sigraði Lífshlaup ÍSÍ.

Nýsköpun og framsækni í námi og leik

Rimaskóli hefur undanfarin ár haft nýsköpun í smíðju hjá 6.bekk og hafa nokkur verkefni verið meðal annars send í nýsköpunarkeppnina. Valgreinar á mið- og unglingastigi bjóða upp á nýsköpun og framsækni sem gefur nemendum tækifæri að vinna með sína styrkleika. Þetta skólaár tók Rimaskóli þátt í Lego League keppninni. Í hópi Rimaskóla voru átta nemendur úr tíunda bekk. Lið Rimaskóla sigraði nýsköpunarkeppnina og enduðu í þriðja sæti í vélmennakappleiknum.

Læsi í viðum skilningi

Rimaskóli lagði sérstaka áherslu á eflingu læsis í skólafarfinu. Keypt var áskrift af forritinu Læsir fyrir alla árganga skólans til að skrá inn heimallestur og lestrarátök. Lagt var upp með að yngsta stigið færi að vinna með PALS. Raunin varð sú að fyrsti og annar bekkur unnu markvisst með PALS en hinir árgangarnir nýttu blandaðar aðferðir. Frá sjöunda bekk var lögð áhersla á sjálfstæði í námi og að efla lestur.

HugSMiðja - þróunarverkefni

Rimaskóli ásamt Grandaskóla voru saman í [þróunarverkefni](#) sem fela í sér nýja nálgun á skólabókasöfn og kennsluhætti í grunnskólum. Um er að ræða fyrsta árið af þremur sem stefnt er á að þróunarverkefnið stand yfir.

HugSMiðjan er þríþætt þróunarverkefni sem miðar að því að efla lærdómssamfélag með áherslu á skapandi kennsluhætti, þverfaglega samvinnu og aukna nýtingu stafrænnar tækni í námi og kennslu. Verkefnið byggir á stefnu Reykjavíkur um stafræna hæfni, læsi í viðum samhengi og aukin tækifæri nemenda til sköpunar og tjáningar.

Helstu aðgerðir fela í sér þróun skólasafna sem miðstöðva læsis, sköpunar og tækninotkunar, innleiðingu samþættra þemaverkefna (Hux), aukið samstarf kennara og styrkingu tengsla við frístundastarf og háskólasamfélagið. Sérstök áhersla er lögð á að skapa aðlaðandi og faglegt starfsumhverfi sem styður við starfsþróun kennara og nýliðun.

Við innleiðingu verkefnisins hefur verið tekið mið af aðstæðum í Rimaskóla þar sem fyrirhugaðar eru umfangsmiklar framkvæmdir á næsta skólaári og kennslustofur fyrir myndmennt, textíl og smíði verða lokaðar tímabundið. Af þeim sökum var lögð sérstök áhersla á að fjárfesta í færanlegum tækjum og búnaði sem nýtist til skapandi vinnu innan hefðbundinna kennslustofa. Þar má nefna þrívíddarprentara, laserskera, Cricut fjölskera, Micro:bit örtölvur, stafrænar smásjár og fjölbreytt forritunartól. Þessi nálgun styður sveigjanlega kennsluhætti og tryggir samfellu í skapandi námi þrátt fyrir breyttar aðstæður.

Fyrstu niðurstöður benda til aukinnar þátttöku og áhuga nemenda, bættar aðstöðu til skapandi vinnu og fjölbreyttari kennsluhátta. Samstarf kennara hefur styrkst og nemendur fá aukið svigrúm til að velja verkefni í samræmi við áhugasvið. Verkefnið er enn í innleiðingu en reynsla af því er þegar jákvæð og sýnir mikla möguleika til áframhaldandi þróunar og yfirfærslu til annarra skóla. Verkefnið fékk áframhaldandi styrk fyrir skólaárið 2026-2027.

Heillaspor

Verkefnið Heillaspor er samstarfsverkefni Rimaskóla og Austurbæjarskóla, í samvinnu við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS), Austurmiðstöð og Háskóla Íslands. Hugmyndafræðin byggir á heilarannsóknum og því hvernig félagslegur, tilfinningalegur og vitsmunalegur þroski mótast af reynslu og umhverfi. Markmiðið er að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda með því að skapa fyrirsjáanlegt og öruggt námsumhverfi þar sem lítið er á hegðun sem tjáningu.

Helstu markmið

- Að byggja upp lærdómssamfélag milli skólanna tveggja um innleiðingu Heillaspora
- Að tryggja nemendum tilfinningalegt öryggi og bæta líðan þeirra í skólanum.
- Að efla fagmennsku og valdeflingu starfsfólks til að lesa í hegðun og mæta ólíkum þörfum.
- Að innleiða starfshætti sem einkennast af hlýju, virðingu og fyrirsjáanleika í öllum samskiptum.
- Að nýta gagnreyndar aðferðir til að fjarlægja hindranir í námi og auka námsárangur.

Innleiðingin hófst haustið 2024 en á haustönn 2025 varð sú breyting að farið var frá *Nurture International* yfir í Nurture Glasgow fyrir tilstilli MMS. Þetta olli ákveðinni seinkun á tímaáætlun en vinnulag Glasgow þykir henta skólaumhverfinu betur þar sem vörðurnar eru skýrari.

Samkvæmt mati frá mars 2026 er þekking starfsfólks á Heillasporum ágæt (meðaltal um 3,9 af 6) og skilningur á hugmyndafræðinni svipaður. Starfsfólk telur sig eiga auðvelt með að sýna hlýju, þolinmæði og virðingu í daglegu starfi.

Helstu vísbendingar um verkefnið í skólanum eru plaköt, veggspjöld og sérstök Heillasporastofa, sem þjónar sem athvarf og stuðningsrými.

Hvað þarf Rimaskóli að huga að fyrir næstu skref?

Heildstæð nálgun (1. þrep): Mikilvægt er að færa Heillaspor úr því að vera bundin við eitt rými (Heillasporastofu) eða plaköt yfir í að vera heildstæð nálgun sem birtist í öllum starfsháttum og rýmum skólans. Starfsfólk nefnir tímaþröng sem hindrun. Þarf að skoða hvernig hægt er að tryggja rými í dagsmiðinu til að sinna einstaklingsbundnum stuðningi. Þörf er á áframhaldandi fræðslu og skipulögðum samræðum til að þróa sameiginlegt faglegt tungumál um Heillaspor og deila dæmum um góða starfshætti. Við þurfum að halda áfram að þróa sjálfsmatsverkfæri og nýta gögn (t.d. Heillavísa) til að byggja ákvarðanir á rannsóknum og mati á líðan nemenda.

Þrátt fyrir að verkefnið hafi ekki fengið áframhaldandi styrk, liggja fyrir skýr gæðaviðmið í sex flokkum sem skólinn getur haldið áfram að vinna eftir til að festa hugmyndafræðina í sessi.

Matsáætlun skólans

Stjórnun og fagleg forysta	2024 - 2025	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
1.1 Samvikni í stefnumótun				X	
1.2 Faglegt samstarf og samræða					
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu		X			
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	X				
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir			X		
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting			X		
1.7 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsfólks				X	

Nám og kennsla	2024 - 2025	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
2.1 Inntak og námskrá					
2.2 Árangur náms					X
2.3 Gæði kennslu	X				
2.4 Skipulag náms		X			
2.5 Námsvitund			X		
2.6 Ábyrgð og þátttaka					X

Innra mat	2024 - 2025	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
3.1 Skipulag	X	X	X	X	
3.2 Framkvæmd	X	X	X	X	
3.3 Umbætur	X	X	X	X	

Námsárangur nemenda	2024 - 2025	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
Lesfimi	X	X			
Matsferill		X			
Stafakannanir 1. bekkur	X	X			
Leiðsagnarnám	X	X			
Lesskilningur - Orðarún	X	X			

Viðhorf og líðan	2024 - 2025	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
Skólapúlsinn 2. - 5. bekkur	X		X		X
Skólapúlsinn 6. - 10. bekkur	X		X	X	X
Skólapúlsinn - Starfsmannakönnun					
Skólapúlsinn - Foreldrakönnun	X		X		X
Stofnun ársins - starfsmannakönnun	X	X	X	X	X
Heillaspor - starfsmannasáttmáli	X		X		X

Menntastefna og stefna skólans	2024 - 2025	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
Félagsfærni	X	X	X	X	X
Heilbrigði	X	X	X	X	X
Læsi	X	X	X	X	X
Sjálfsfelling	X	X	X	X	X
Sköpun	X	X	X	X	X
Innleiðing aðalnámskrár grunnskóla		X	X	X	X

Matsáætlun má sjá á heimasíðu skólans- [Langtímat](#)

Kafli 3 Áætlun fyrir skólaárið

Skipulag matsins fyrir yfirstandandi skólaár

Viðfangsefni	Kafli - þáttur	Markmið	Gagnaöflun - Hvernig metið	Hvernig metið	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Aðalnámskrá	Skipulag náms	Að samræma verklagsreglur innan skólans	SNKN Leiðsögn MMS		ÞRÓ	innleiða í skólanum öllum = samræmdur skilningur allra
Heillaspor	Félagsfærni Sjálfsfeiling Heilbrigði	Að bæta líðan nemenda við skólann	Leiðtogar og teymi halda utan um	sýnilegt í skólanum	SGT	nemendum líður betur
Réttindaskóli UNICEF	Ábyrgð og þátttaka	Að nemendur séu meðvitaðri um réttindi sín	Innleiðingar teymi og ráðgjafar (nemendur)	Samþykkt hjá UNICEF og sýnilegt í skólanum	ÞRÓ	Nemendur læra um réttindi sín
Stjórnun og fagleg forysta	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Að foreldrar séu þátttakendur í námi barna sinna	Könnun til foreldra		Allir	Niðurstöður foreldrakönnunar
Nám og kennsla	Skipulag náms	Að samræma skólasnámskrá og tryggja flæði á milli árganga	Ábendingar notenda	Umsagnir notenda/kennara	Fagþróunarteymi	Heildræn skólanámskrá
Námsárangur nemenda	Lesferill, Matsferill og önnur skimunartæki	Að nemendur bæti námsárangur sinn og metnað Að auka læsi nemenda í viðum skilningi og heildræn yfirsýn yfir nám og námsárangur nemenda	Fyrirlagnir frá MMS Ábendingar notenda	Stöðu- og matskannanir Ábyrgð og þátttaka	Kennarar, stjórnendur og stoðþjónusta	Niðurstöður kannana
Viðhorf og líðan	Stofnun ársins - starfsmannakönnun	Að gera betur en árinu áður	Gallup	Skoðanakönnun	Gallup/Reykjavíkurborg	Niðurstöður kannana
Viðhorf og líðan	Nemendur	Efla andlega líðan nemenda	Auka aðgengi að ráðgjöf og fyrirbyggjandi úrræðum	(t.d. hópavinnu)	Náms- og starfsráðgjafi / stjórnendur	Niðurstöður Skólapúls
HugSMiðja	Menntastefna Reykjavíkur - Hagnýting stafrænnar tækn	Að þróa skólasafn sem miðstöð læsis, sköpunar og tækninotkunar. Að innleiða samþætt þemaverkefni smpætttra þemaverkefna (Hux). Að auka samstarfi kennara þvert á námsgreinar og styrkingu tengsla við frístundastarf og háskólasamfélag.	Niðurstöður rýniviðtala, Fjöldi kennslustundna sem nýta sér aukna tækni.	Rýniviðtöl Skýrslugerð	Gróskuteymi Rimaskóla	Aukin nýting tæknilausna Skýrsla með samantekt niðurstaðna

Kafli 4 Greinargerð um innra mat

Helstu niðurstöður innra matsins

Styrkleikar

Stjórnun og fagleg forysta

- Öflugt faglegt samstarf og umræður.
- Lýðræðisleg vinnubrögð og sterk liðsheild meðal starfsmanna.
- Skýr stefna og virk þátttaka stjórnenda í þróunarverkefnum.
- Þróunarstarf í góðu samræmi við stefnu skólans og stjórnvalda.

Nám og kennsla

- Skólanámskrá endurspeglar menntastefnu og aðalnámskrá.
- Markviss vinna að eflingu læsis.
- Gæði kennslu almennt góð, fjölbreyttar kennsluaðferðir og skýr markmið.
- Bráðgerir nemendur fá viðeigandi tækifæri.
- Leiðsagnarnám.

Innra mat

- Innra mat er vel skipulagt og talið sjálfsagður hluti skólastarfs.
- Skýr langtímaáætlun og ítarleg árleg áætlun um innra mat.
- Val matsþátta byggir á stefnu og markmiðum skólans.

Áskoranir

Nýting gagna og umbætur

- Niðurstöður mats og mælinga mætti nýta betur.
- Eftirfylgni umbótaáætlana mætti vera betri.

Námsárangur og námsmat

- Vantar fjölbreyttari námsgögn.
- Viðmið um námsmat og matskvarða eru ekki nægileg aðgengileg.
- Nemendaábyrgð og þátttaka mættu vera meira.
- Nemendur hafa lítil tækifæri til að hafa áhrif á skipulag náms og skólastarfs.
- Upplýsingar um ákvarðanir nefnda eru ekki aðgengilegar nemendum.
- Skortur á markvissu verklagi um að afla og nýta sjónarmið nemenda.

Líðan og samskipti

- Líðan nemenda í samskiptum við aðra mætti bæta.
- Samvinna innan nemendahóps mætti bæta.

Kafli 4.1 Gæðaviðmið um skólastarf

Stuttur texti um þá kafla sem voru metnir

Þættir í gæðaviðmiðum grunnskóla eru metnir á matsfundum með fagmennsku/þróunarteymi sem fara þannig fram að þátttakendur ígrunda út frá viðeigandi gögnum og koma sér saman um niðurstöðu. Matsfundir með kennurum og/eða öllu starfsfólki fara fram að lágmarki tvisvar á ári.

Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun skólans. Akveðnir kaflar í gæðaviðmiðunum eru einungis metnir af fagmennsku/þróunarteymi skólans.

Niðurstöður

Styrkleikar

Stjórnun og fagleg forysta

- Öflugt faglegt samstarf og umræður.
- Lýðræðisleg vinnubrögð og sterk liðsheild meðal starfsmanna.
- Skýr stefna og virk þátttaka stjórnenda í þróunarverkefnum.
- Þróunarstarf í góðu samræmi við stefnu skólans og stjórnvalda.

Tækifæri til umbóta

Alltaf eru tækifæri til umbóta en mat okkar er að skólinn þarf að bæta upplýsingaflæði til foreldra og gera skólanámskráinn okkar verði aðgengileg og þægileg fyrir alla sem koma að henni.

Kafli 4.2 Gæði kennslu

Hvaða aðferðir voru nýttar til að meta gæði kennslu

Niðurstöður

Styrkleikar

Tækifæri til umbóta

Kafli 4.3 Námsárangur nemenda

Hvaða matstæki voru nýtt til að meta árangur nemenda

Niðurstöður námsmats og Matsferils eru nýttar til að bæta nám og kennslu einstaklinga og hópa/bekkja jafnóðum en í innra mati er námsárangur greindur út frá skólanum í heild. Námsmat sem skólinn nýtir í innra mati eru lesfímipróf, sem eru greind og metin út frá útgefnum viðmiðum prófanna og matsferil.

Matsferill var lagður fyrir í fyrsta skipti í árgöngunum 4. - 10. Orðarún var notuð til að meta lesskilning í 3. bekk. Lesskimnum fyrir 1. bekk er lögð fyrir jafnt og þétt yfir árið. Læsi og Lesmál er lagt fyrir 2. bekk. Lesferill er lagður fyrir þrisvar sinnum yfir árið.

Niðurstöður

Styrkleikar

Allir eru tilbúnir að leggjast á eitt og gera það sem til þarf til að koma sem best til móts við nemendur skólans.

Tækifæri til umbóta

Við erum að læra á Matsferill og hvernig er best að skipuleggja fyrirlögn hans.

Kafli 4.4 Viðhorf og líðan nemenda

Stuttur texti um viðhorfskannanir nemenda og hvaða þættir voru metnir

Viðhorf og líðan

Skólapúlsinn var ekki lagður fyrir í ár því hann er einungis annað hvert ár. Viðhorf nemenda voru notuð í Réttindaráðinu og reynt að koma til móts við hugmyndir nemenda og gera skólann okkar betri fyrir þá. Allar hugmyndir skoðaðar með ráðinu og valið hvað væri hægt að framkvæma og hvað ekki.

Niðurstöður

Styrkleikar

Tækifæri til umbóta

Kafli 4.5 Viðhorf og líðan starfsfólks

Stuttur texti um starfsmannakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Stofnun ársins starfsmanna könnun var lögð fyrir í vetur og kom hún betur út en síðastliðin ár. Við stefnum á að gera enn þá betur á næsta ári.

Árangur og líðan starfsfólks í Rimaskóla fer almennt vaxandi samkvæmt fyrirliggjandi gögnum. Heildarmat í könnuninni „Stofnun ársins“ hefur hækkað úr 3,71 árið 2022 í 4,01 árið 2025. Starfsfólk upplifir ánægju í starfi (4,36) og telur starf sitt hafa merkingu og tilgang (4,70). Hins vegar telja 63% starfsmanna að vinnuálag sé of mikið.

Niðurstöður

Styrkleikar

- Starfsfólk ber traust til næsta yfirmanns (4,65) og upplifir hvatningu til að þróast í starfi (4,48).
- Góð samskipti við samstarfsfólk eru einn af lykilþáttum skólans (4,54) og starfsfólki finnst það vinna með fjölbreyttum og góðum hópi (4,59).
- Starfsfólk upplifir sjálfstæði í starfi (4,31) og telur sig hafa áhrif á hvernig verkefnum er sinnt (4,50).
- Skólinn skorar hátt þegar kemur að jafnrétti (4,44), sérstaklega hvað varðar fjölbreytileika starfshópsins.

Tækifæri til umbóta

- Vinnuumhverfi er helsti veikleiki skólans. Ekki er ánægja með loftgæði (1,75), hljóðvist (2,50) og lýsingu (2,89).
- Meirihluti starfsmanna upplifir mikið álag. Þótt dregið hafi úr streitueinkennum eru þau enn til staðar.
- Þörf er á fræðslu varðandi nýtingu gervigreindar (2,67), kennslu nemenda með sérþarfir (2,93) og fjölmennningarlegt umhverfi (2,77).
- Sumir kennarar og leiðbeinendur segjast aldrei fá endurgjöf frá samstarfsmönnum.

Kafli 4.6 Viðhorf foreldra

Stuttur texti um foreldrakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Viðhorf foreldra til Rimaskóla eru almennt jákvæð samkvæmt foreldrakönnun SFS frá febrúar 2026, þar sem tæplega 82% foreldra segjast ánægðir með skólann þegar á heildina er litið. Svarhlutfall í könnuninni var gott, eða um 69,5%. Farið var inn á helstu þætti sem tengjast námi, stjórnun og líðan nemenda.

Niðurstöður

Styrkleikar

- Öryggi og vellíðan nemenda er einn sterkasti þáttur skólans en um 86,7% foreldra telja barnið sitt öruggt í skólastarfinu og um 84% telja að barninu líði vel.
- Foreldrar eru mjög ánægðir með samskipti við starfsfólk varðandi líðan og hegðun barna sinna, en yfir 87% foreldra telja þau samskipti vera góð.
- Meirihluti foreldra (86,4%) upplifir að barnið sé hvatt til að leggja sig fram í náminu og 81,6% telja að barnið taki stöðugum framförum.
- Skólinn fær góða einkunn fyrir stjórnun, þar sem foreldrar telja skólastjórnendur vera sýnilega í daglegu starfi (78,8%) og að skólanum sé vel stjórnað (76,8%).
- Í opnum svörum er sérstaklega minnst á að Pals lestrarkennslan sé að skila mjög góðum árangri.

Tækifæri til umbóta

- Ein helsta áskorun skólans er að leita eftir tillögum og hugmyndum frá foreldrum, en einungis um 39,6% foreldra telja að skólinn eða kennarar geri það.
- Þótt samskipti um líðan séu góð, eru færri foreldrar ánægðir með upplýsingar um námsárangur og námsmarkmið (um 67-69%). Í opnum svörum kemur fram að foreldrar sakni þess að fá upplýsingar um gengi barna.
- Áhyggjur koma fram varðandi öryggi í frímínútum. Sumir foreldrar telja að gæslu sé ábótavant og að dæmi séu um að ekki sé gripið nægilega ákveðið þegar upp kemur samskiptavandi.
- Gagnrýni kemur fram að stuðningur við börn með ADHD eða málþroskaröskun sé ekki nægur. Einnig kalla foreldrar barna sem eru komin lengra í námi eftir meiri áskorunum og einstaklingsmiðuðum verkefnum.
- Foreldrar benda á að huga megi að endurbæta húsnæði og lýsingu.
- Athugasemdir eru gerðar við gæði námsgagna (t.d. illa læsileg ljósrit) og að upplýsingar séu stundum sendar á mörgum mismunandi stöðum (tölvupósti og Mentor), sem rugli foreldra.

Kafli 4.7 Menntastefna og stefna skólans

Stuttur texti um hvaða þættir voru metnir

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Staða skólans út frá áherslupáttunum er metin með gátlistum menntastefnu á matsfundum með starfsfólki og/eða fagmennsku/þróunarteymi skólans. Það auðveldar skólanum að halda markvisst utan um innleiðinguna og sjá framþróun menntastefnunnar.

Sjálfsefning, félagsfærni og lýðræði

- Rannsóknir sýna að börn sem hljóta réttindafræðslu öðlast aukið sjálfstraust og vellíðan þeirra eykst. Með því að þekkja réttindi sín eru þau betur undirbúin að leita aðstoðar ef á þeim er brotið og standa betur vörð um eigin hagsmuni. Þátttaka í réttindaráði er jafnframt öflug valdefling fyrir nemendur, þar sem þeir fá tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og hafa raunveruleg áhrif.
- Réttindafræðsla stuðlar að auknu umburðarlyndi og virðingu fyrir fjölbreytileika. Þegar börn læra að réttindi þeirra takmarkast af réttindum annarra, eflist skilningur þeirra á mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum. Slík fræðsla hefur sýnt sig draga úr einelti og ofbeldi í skólalífinu.
- Réttindaráð skólans er kjarni lýðræðisstarfsins en þar eru börn í meirihluta og leiða innleiðingu verkefnisins. Með því að vinna markvisst að aukinni þátttöku nemenda tryggir skólinn að skoðanir þeirra hafi vægi við ákvarðanatöku, sem er einn af hornsteinum Barnasáttmálans.
- Skólinn framkvæmdi ítarlegt stöðumat haustið 2025 þar sem raddir 248 nemenda í 5.–10. bekk og 71 starfsmanns heyrðust. Þetta gefur skólanum sterkan grunn til að byggja ákvarðanir á raunverulegri upplifun nemenda og starfsfólks.
- Réttindaráðið hefur þegar sýnt frumkvæði með því að setja upp hugmyndakassa og kynna starf sitt í öllum bekkjum. Ráðið hefur einnig nýtt niðurstöður stöðumatsins til að forgangsraða aðgerðum í aðgerðaáætlun.
- Aðgerðaáætlunin 2026 inniheldur skýrar úrbætur sem byggja beint á ábendingum nemenda. Sem dæmi má nefna úrbætur á salernisaðstöðu (lokaðir básar og betri lýsing) til að auka öryggi, og breytingar í mötuneyti þar sem nemendur skammta sér nú sjálfir.
- Gott samstarf er á milli Rimaskóla, frístundaheimilisins Tígrisbæjar og félagsmiðstöðvarinnar Sigynjar, þótt minnst hafi verið á að samræma þurfi fundartíma betur í upphafi.

Niðurstöður

Styrkleikar

Styrkleikar skólans eru að hann er alltaf opin fyrir nýjum verkefnum sem snúa að því að auka þekkingu og færni nemenda. Skólinn er í þróunarverkefni um Heillaspor sem snýr að líðan nemenda, við erum að sækjast eftir vottun frá Réttindaskóla Unicef sem kennir börnum um réttindi sín og við erum í verkefninu HugSMiðjan sem er þríþætt þróunarverkefni sem miðar að því að efla lærdómssamfélag með áherslu á skapandi kennsluhætti, þverfaglega samvinnu og aukna nýtingu í stafrænnar tækni í námi og kennslu.

Tækifæri til umbóta

Stöðumatið sýndi að aðeins um helmingur nemenda og starfsfólks taldi sig hafa fengið fræðslu um Barnasáttmálann. Því er mikilvægt að halda áfram markvissri réttindafræðslu fyrir alla hópa og auka sýnileika sáttmálans í skólaumhverfinu, eins og áætlað er í aðgerðaáætlun.

Kafli 5 Umbótaáætlun

Umbótaáætlun skólans

Heildstæð umbótaáætlun fyrir skólaárið 2026–2027

Umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið 2026 – 2027 byggir á niðurstöðum stöðumats og markmiðum skólans um að efla gæði skólastarfs á öllum sviðum. Áhersla er lögð á að bæta upplýsingaflæði, bæta námsárangur nemenda, efla líðan og starfsumhverfi starfsfólks, auka samstarf við foreldra og tryggja að réttindafræðsla sé sýnileg og aðgengileg öllum.

Upplýsingaflæði og skólanámskrá

Eitt af meginmarkmiðum næsta skólaárs er að bæta upplýsingaflæði til foreldra og gera skólanámskrána aðgengilegri. Í upphafi skólaárs verður skólanámskráin endurskoðuð og sett fram á skýran og notendavænan hátt á heimasíðu skólans. Skólinn mun jafnframt skoða hvort hægt sé að fækka boðleiðum til foreldra til að draga úr ruglingi og tryggja að upplýsingar berist á skýran og samræmdan hátt. Rætt verður um hvort hægt sé hafa vikulegt fréttabréf frá umsjónarkennurum sem heldur foreldrum upplýstum um líðan, námsmarkmið og helstu viðburði.

Námsárangur og innleiðing Matsferils

Skólinn er að tileinka sér nýtt matskerfi, Matsferil, og á næsta skólaári verður lögð áhersla á að styrkja færni kennara í notkun þess. Á haustönn verður haldinn vinnufundur þar sem farið verður yfir fyrirlögn, framkvæmd, skipulag og túlkun matsins. Þegar nær dregur prófum, verður ljóst hvernig, hvar og hvenær Matsferill verður lagður fyrir.

Vinnuumhverfi og líðan starfsfólks

Stöðumatið sýnir að vinnuumhverfi er helsti veikleiki skólans. Loftgæði, hljóðvist og lýsing eru undir ásættanlegum mörkum og starfsfólk upplifir mikið álag. Í júní 2026 hefjast framkvæmdir á fyrsta áfanga af þremur þar sem tengt verður nýtt loftræstikerfi, skipt verður um loft, gólfduka og ljós ásamt því að veggir verða málaðir. Áfangi tvö hefst í júní 2027 og áætlað er að áfangi þrjú hefjist í júní 2028. Á sama tíma verður kortlagt hvaða þættir valda mestu álagi í starfi og reynt að endurskipuleggja fundatíma og verkefnaskiptingu til að draga úr álagi. Hvatt verður til að faglegar og jákvæðrar endurgjafir á milli starfsfólks. Þá verður skoðuð fræðsla um gervigreind í skólastarfi, kennsla nemenda með sérþarfir og aukin fjölmenningarleg færni, þar sem niðurstöður sýna að starfsfólk upplifir þörf á frekari fræðslu á þessum sviðum til að halda í við stafræna þróun samfélagsins og mæta fjölgun nemenda með ólíkan bakgrunn.

Samskipti og samstarf við foreldra

Foreldrakönnun sýnir að 40% foreldra telja að skólinn leiti eftir hugmyndum þeirra. Haldið verður opið foreldrasamráð þar sem rætt verður um skólastarf, námsmarkmið og umbætur. Jafnframt verður boðið upp á haustfundi fyrir foreldra þar sem kennarar kynna námsmarkmið, matsaðferðir og hvernig foreldrar geta stutt við nám barna sinna. Öryggi í frímínútum verður einnig tekið sérstaklega fyrir en þeir aðilar sem sinna útigæslu fá ítarlegri leiðbeiningar um staðsetningu sína og hlutverk.

Réttindafræðsla og Barnasáttmálinn

Stöðumatið sýnir að helmingur nemenda og starfsfólks telur sig hafa fengið fræðslu um Barnasáttmálann. Á næsta skólaári verður lögð áhersla á að efla réttindafræðslu og gera Barnasáttmálann sýnilegri í skólasamfélaginu. Allt starfsfólk fær fræðslu jafnt og þétt yfir skólaárið og í bekkjum verður unnið markvisst með réttindi barna í öllum árgöngum. Nemendaráð fær sérstaka þjálfun í réttindum barna og hlutverki sínu sem fulltrúar nemenda. Markmiðið er að tryggja að nemendur þekki réttindi sín og upplifi að á þá sé hlustað. Mikilvægt er að nemendur þekki einnig skyldur sínar og ábyrgð.

Lokamat og áframhaldandi þróun

Í lok skólaárs verður gert mat á árangri umbótaáætlunarinnar. Safnað verður gögnum frá foreldrum, nemendum og starfsfólki og metið hvaða aðgerðir skiluðu bestum árangri. Niðurstöðurnar verða nýttar til að móta umbótaáætlun fyrir skólaárið 2027–2028 og tryggja að þróunarstarf skólans sé stöðugt, gagnadrifið og í samræmi við þarfir skólasamfélagsins.